

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Rangárþingi ytra.

#### *Svínhagi L6B, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 12. mars 2020 tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga L6B. Gert verði ráð fyrir 6 gestahúsum sem hvert um sig verður allt að 30 m<sup>2</sup> að stærð og allt að 120 m<sup>2</sup> þjónustuhúsi, sem einnig getur nýst til gistingar og/eða fyrir starfsfólk. Fyrirhugað er að nýta húsin til útleigu fyrir ferðamenn, starfsfólk og/eða búsetu. Aðkoma verður af Þingskálavegi (268). Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

#### *Svínhagi Ás-7, deiliskipulag.*

Sveitarstjórn Rangárþings ytra samþykkti þann 14. nóvember 2019 tillögu að deiliskipulagi fyrir Svínhaga Ás-7. Tillagan gerir m.a. ráð fyrir byggingu íbúðarhúss, frístundahúss, tveimur gestahúsum, aðstöðuhúsi, skemmu, sánu og geymslu. Aðkoma verður af Þingskálavegi (268) og um núverandi aðkomuveg. Tillagan hefur hlotið skipulagsmeðferð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hellu, 13. ágúst 2020.*

F.h. Rangárþings ytra,

**Birgir Haraldsson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.